

Umhverfissráðuneytið
Sigurður Þráinsson
deildarstjóri
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 10. september 2012
2012090002/42-4-2
TB

Beiðni um undanþágu vegna hreindýraveiða

Vísað er til bréfs frá umhverfissráðuneytinu, dags. 3. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um beiðni Fjölskyldu- og húsdýragarðsins um að fá að veiða þrjá villta hreindýrakálfa. Í fylgigögnum kemur fram að veiðarnar eru til að viðhalda fjölda hreindýra í Fjölskyldu- og Húsdýragarðinum.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemd við, vegna stærðar hreindýrastofnsins, að framangreint leyfi verði veitt. Náttúrufræðistofnun ítrekar það sem hefur komið fram áður hjá stofnuninni að notaðar verði aðferðir við veiðarnar sem tekur fullt tillit til velferðar dýranna sbr. bréf til umhverfissráðuneytisins dagsett 10. september 2010.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

